

Fundinn sátu: Jónas Guðmundsson, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Laufey Guðmundsdóttir, Vilmundur Gíslason, Hrannar B. Arnarson, Ásdís Hannesdóttir. Jónas, Guðlaug og Vilmundur voru í Urriðaholtsstræti, en aðrir á Teams.

Dagskrá:

Fundargerð

Norrænt samstarf

Skráning Almannaheilla sem félags til almannaheilla og á almannaheillaskrá

Samningar við Reykjavíkurborg/Fundur fólksins

Starfsáætlun Almannaheilla janúar/febrúar

Heimsmarkmiðin, samningur og næstu skref

Samfélagsleg nýsköpun

Starfsmannamál

Styrkumsóknir

Afgreiðsla síðareglna

Önnur mál

Uppstillingarnefnd

Aðildarfélag

Lagabreytingar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Hildur Helga sagði frá upphafsfundi hins nýja nordiska civilsamhällsnätverket síðar í mánuðinu. Þar verður farið yfir væntingar aðildarfélaganna til starfsins framundan. Hildur Helga mun taka þátt í fundinum fyrir Almannaheill.
3. Fram kom að 216 almannaheillasamtök hafa þegar verið skráð á almannaheillaskrá Skattsins. Þau samtök á listanum sem hafa tekið við styrkjum frá einstaklingum á síðustu tveimur mánuðum 2021 þurfa að gera grein fyrir þeim í þessari viku, helst á skilaformi sem nýlega var birt á vefsíðu Skattsins. Almannaheill hafa komið upplýsingum til aðildarfélaganna um þessi skattaskil.

Almannaheill hafa ekki enn verið skráð á almannaheillaskrá og heldur ekki á almannaheillafélagaskrá, en unnið verður að skráningum og uppfærslu gagna í því sambandi hjá fyrirtækjaskrá á næstunni.

4. Fyrir dyrum standa viðræður við Reykjavíkurborg um framlengingu á samningi Almannaheilla við borgina um Lýðræðishátíðina fund fólksins.
5. Samkvæmt starfsáætlun 2021-2022 er ætlunin að halda málþing um nýtt lagaumhverfi almannaheillasamtaka í þessum mánuði. Mun málþingið verða á vefsíðu Vaxandi og í samstarfi Almannaheilla og Vaxandi, miðstöðvar um samfélagslega nýsköpun. Vinnustofa um samfélagslega nýsköpun mun hins vegar frestast, m.a. vegna sóttvarnaraðgera.

6. Fram kom að kynningarfundur með félagasamtökum um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verður haldinn í samstarfi við Félags sameinuðu þjóðanna 26. janúar kl. 9:15; um netfund er að ræða
7. Sagt var frá áframhaldandi vinnu við að koma á fót verkefni við samfélagslega nýsköpun. Boðaður hefur verið fundur með fulltrúum Garðabæjar. Leitað hefur verið að starfsmanni til að leiða verkefnið.
8. Fram kom að Stefanía Kristinsdóttir hefur óskað eftir að samningur hennar við Almannaheill verði ekki framlengdur. Stefanía mun þó áfram aðstoða við nokkur verkefni, m.a. í gegnum vaxandi.is. Rætt hefur verið annan kandidat í starfið en niðurstaða liggur ekki fyrir.
9. Nokkrar umræður urðu um styrki sem Almannaheill gæti aflað til að styrkja starf að verkefnum samtakanna.
10. Rætt var um fyrirliggjandi drög að breyttum siðareglum Almannaheilla. Ekki komu fram sérstakar athugasemdir við drögin. Ákveðið var að senda þau til umsagnar aðildarfélaganna.
11. Önnur mál
 - a. Uppstillingarmál. Rætt var um skipun uppstillingarnefndar fyrir aðalfund Almannaheilla í vor. Mun formaður kanna hug þeirra sem sátu í nefndinni á síðasta ári; einnig voru nefnd nokkur önnur nöfn.
 - b. Aðildarumsóknir og lagabreytingar. Fram kom að nokkrar umsóknir um aðild að Almannaheillum liggja fyrir. Starfshópur um aðilarumsóknir og lagabreytingar mun fara yfir umsóknirnar og leggja niðurstöður fyrir stjórn.

Fundi slitið kl. 10:35.

Fundargerð ritaði Jónas Guðmundsson